



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Kennsla Íslendingasagna

Gunnlaugs saga ormstungu

Brynja Ýr Júlíusdóttir

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2022

Kennsla Íslendingasagna

Gunnlaugs saga ormstungu

Brynja Ýr Júlíusdóttir

12 eininga lokaverkefni [Grunnskólakjörsvið]
sem er hluti af
Baccalaureus Educationis-prófi í félagsvísindum

Brynhildur Þórarinsdóttir

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2022

Titill: Kennsla Íslendingasagna – Gunnlaugs saga ormstungu

Stuttur titill: Kennsla Íslendingasagna

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Educationis -prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2022 Brynja Ýr Júlíusdóttir

Öll réttindi áskilin

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Brynja Ýr Júlíusdóttir, 2022, bakkalárprófsverkefni, kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 27bls.

Prentun:

Akureyri, maí, 2022

Ágrip

Lokaritgerð þessi er hluti B.Ed-prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri, vorið 2022. Ritgerðin fjallar um mikilvægi Íslendingasagna, gildi þeirra í grunnskólum landsins og hvernig kveikja má áhuga nemenda á Íslendingasögunum með fjölbreyttum kennsluaðferðum og fjölbreyttum námsmatsaðferðum. Þá er sérstaklega fjallað um þessi atriði í tengslum við *Gunnlaugs sögu ormstungu* en ritgerðinni fylgja einnig kennslumyndbönd og annað kennsluefni út frá þeirri sögu. Kennsluefnið má finna rafrænt á eftirfarandi slóð: <https://sites.google.com/view/ormstunga/fors%C3%AD%C3%B0a>. Þessi vefsíða inniheldur kennslumyndbönd, spurningahefti, útfærslur af lokaverkefnum og annað ítarefni fyrir kennara. Kennslumyndböndin eru lykilþáttur kennsluefnisins en þeim er ætlað að ýta undir áhuga og skilning nemenda á sögunni.

Abstract

This dissertation is part of a B.Ed degree at the Faculty of Education at the University of Akureyri in the spring of 2022. The thesis is divided into two parts. The first part is a theoretical discussion about the importance of the Icelandic sagas, their value in Icelandic primary schools and how to keep students interested in studying the sagas. These issues are specifically addressed in connection with the Icelandic saga *Gunnlaugs saga ormstungu*. The second part are instructional videos and other instructional materials for *Gunnlaugs saga ormstungu*. The material can be found on this website: <https://sites.google.com/view/ormstunga/fors%C3%AD%C3%B0a>. The website includes instructional videos, questions, implementations of final projects and other material for teachers. The instructional videos are very important since they are intended to keep students interested and make them understand the story even better.

Þessi ritgerð er tileinkuð nemendum mínum og samstarfsfólki við Akurskóla í Reykjanesbæ þar sem áhuginn og ástríða mín á Íslendingasögunum kviknaði aftur.

Formáli

Ég man vel eftir því þegar ég las Íslendingasögurnar í grunnskóla og þá man ég að mér fannst þær ekkert svo skemmtilegar. Ég var því ekkert sérstaklega spennt þegar ég komst að því að ég væri að fara að kenna þær þegar ég hóf störf sem íslenskukennari á unglingastigi. Ég varð eiginlega frekar stressuð. Hvernig ætti ég að kenna eitthvað sem ég hafði engan áhuga á? Það kom síðar í ljós að ég hafði enga ástæðu til að hafa áhyggjur. Mér fannst sögurnar ekki lengur leiðinlegar, mér fannst þær virkilega skemmtilegar og áhugaverðar og núna í dag þegar ég er samfélagsfræðikennari en ekki íslenskukennari þrái ég ekkert heitar en að kenna aftur einhverja Íslendingasögu.

Það er því nokkuð ljóst að ég er mjög áhugasöm um þessar sögur og hef gaman að þeim. Ég fór því að hugsa hvers vegna mér fannst það ekki í grunnskóla. Gæti það mögulega verið af því að ég skildi þær ekki nógu vel? Voru þær kannski ekki kenndar á nógu áhugaverðan hátt? Í þau örfáu ár sem ég hef verið leiðbeinandi og kennaranemi hef ég líka tekið eftir því að nemendur þrá fjölbreyttar kennsluaðferðir til að skilja efnið betur og því fannst mér mjög áhugavert að reyna að gera þetta efni, sem ég tel að mörgum nemendum finnist oft og tíðum frekar þurr og leiðinlegt, skemmtilegt. Ég ákvað að taka fyrir eina skemmtilegustu Íslendingasöguna að mínu mati, *Gunnlaugs sögu ormstungu*, og gera úr henni kennslumyndbönd, kennsluefni og reyna í leiðinni að fræðast um það hvað Íslendingasögurnar eru mikilvægar í bókmenntakennslu grunnskóla og hvernig hægt er að gera þá kennslu skiljanlegri og áhugaverðari.

Ég vil fyrst og fremst þakka manninum mínum, Guðlaugi Ómari Guðmundssyni, fyrir frábæran stuðning í gegnum námið mitt og fyrir að taka að sér hlutverk sögumanns í kennslumyndböndunum. Ég vil þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir að hafa alltaf trú á mér og hjálpa mér í gegnum erfiða tíma. Ég vil þakka Brynhildi Þórarinsdóttur fyrir frábæra leiðsögn og síðast en alls ekki síst vil ég þakka nemendum mínum og samstarfsfélögum fyrir ómetanlega aðstoð og dýrmæta þjálfun síðastliðin misseri.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	1
2	ÍSLENDINGASÖGUR	3
2.1	KENNSLA ÍSLENDINGASAGNA	4
2.2	GILDI ÍSLENDINGASAGNA Í NÚTÍMANUM	6
3	ÁHUGI Á ÍSLENDINGASÖGUM	9
3.1	ÁHUGI NEMENDA	9
3.2	ÁHUGI KENNARA	10
4	KENNSLUAÐFERÐIR	13
4.1	FRAMKOMA KENNARA	13
4.2	FJÖLBREYTTAR KENNSLUAÐFERÐIR	14
	<i>NOTKUN TÆKNINNAR</i>	17
4.3	FJÖLBREYTT NÁMSMAT	18
5	GUNNLAUGS SAGA ORMSTUNGU	19
5.1	NÁMSEFNI	20
	<i>VERKEFNI</i>	20
	<i>VERKEFNAMAPPA</i>	21
	<i>KENNSLUMYND BÖND</i>	21
6	LOKAORÐ	23
	HEIMILDIR	25

1 Inngangur

„Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 97). Þessi málsgrein kemur fram í nítjándka kafla í Aðalnámskrá grunnskóla þar sem fjallað er um íslensku og íslenskukennslu. Það er því nokkuð ljóst að íslenska ríkið og allt íslenska skólakerfið leggur mikla áherslu á einn mikilvægasta menningararf Íslendinga, bókmenntir. Fornbókmenntir, og þar af leiðandi Íslendingasögurnar, falla undir þennan mikilvæga menningararf og því hafa margar Íslendingasögur verið kenndar í bæði grunnskólum og framhaldsskólum á Íslandi um langt skeið.

Það má gera ráð fyrir því að flestir nemendur í íslenskum skólum hafi lesið a.m.k. eina Íslendingasögu í grunnskóla en þær vinsælustu eru *Kjalnesinga saga*, *Laxdæla saga*, *Gísla saga Súrssonar* og *Gunnlaugs saga ormstungu* sem er einmitt sú saga sem mest verður fjallað um í þessari ritgerð (Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhansson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018, bls. 107). Þrátt fyrir að vinsælt sé að kenna þessar bækur í grunnskólum er ekki þar með sagt að þessar bækur séu sérstaklega vinsælar hjá ungmönnum þjóðarinnar, þó það sé eflaust einstaklingsbundið. Höfundur hefur sjálfur upplifað það í kennslu að nemendur verða pirraðir, þreyttir og andvarpa mikið þegar kennari biður þá um að taka upp einhverja Íslendingasöguna. Áhuginn virðist því ekki vera mjög mikill hjá mörgum nemendum þó hann sé það vonandi hjá flestum kennurum.

PISA niðurstöður frá árinu 2018 sýna að ánægja íslenskra nemenda á lestri er ekki mikil, langt undir meðaltali OECD, og margir nemendur segjast bara lesa þegar þeir þurfa að gera það (Menntamálastofnun, 2019, bls. 34-35). Þessar niðurstöður geta því á vissan hátt útskýrt þetta áhugaleysi en þessi útskýring inniheldur enga lausn á vandamálinu. Ritgerð þessi kemur inn á það hvernig við kveikjum áhuga nemenda á Íslendingasögum, þessum mikilvæga menningararfi okkar Íslendinga, og hvernig hægt er að viðhalda honum. Það er m.a. gert með því að fræðast um fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp.

Fræðilegur hluti þessa lokaverkefnis skiptist í fjóra kafla. Fyrst verður fjallað almennt um Íslendingasögur ásamt öðrum bókmenntum og gildi þeirra í íslensku skólakerfi og hvers vegna

þær eru svona mikilvægar okkar sögu og menningu. Farið verður yfir hvað kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla um bókmenntakennslu og hvaða hæfniviðmið tengjast þeirri kennslu ásamt því að fjallað verður um gildi sagnanna í nútímanum. Síðan verður fjallað um almennan áhuga nemenda sem og kennara á Íslendingasögum og hvað hægt sé að gera til að kveikja áhuga nemenda á þessum sögum. Þá verður einnig fjallað um mismunandi kennsluaðferðir sem henta við kennslu þessara sagna.

Við veltum síðan fyrir okkur hvernig notkun tækni í grunnskólakennslu getur nýst bæði nemendum og kennurum mjög vel en kennsluefnið sem fylgir þessu lokaverkefni inniheldur m.a. kennslumyndbönd sem munu vonandi nýtast nemendum við lestur, áhuga og skilning á Íslendingasögunni *Gunnlaugs sögu ormstungu* sem er einmitt síðasta viðfangsefni ritgerðarinnar. Farið verður yfir söguna sjálfa, hvers vegna hún hentar sem kennsluefni, hvernig má kenna hana á áhugaverðan hátt og að lokum verður farið yfir kennsluefnið sem fylgir ritgerðinni og á hvaða hátt það getur nýst bæði nemendum og kennurum við að efla áhuga nemenda á Íslendingasögum. Ritgerðinni fylgja kennsluleiðbeiningar á vef sem ber heitið *Ormstunga*. Vefurinn inniheldur ýmis verkefni, kveikjur, ítarefni og kennslumyndbönd sem eiga að aðstoða nemendur að skilja söguna. Kennsluefnið á vefnum er ætlað nemendum í 7.bekk en það er sjálfsagt mál að aðlaga námsefnið svo það henti öðrum árgöngum í grunnskóla og jafnvel framhaldsskóla.

Markmið þessa lokaverkefnis er að veita kennurum góða innsýn í Íslendingasögurnar og hvernig gott er að kenna þær, þá sérstaklega *Gunnlaugs sögu ormstungu*. Farið verður yfir fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölbreytt námsmat og hvernig best er að nýta tæknina til að auðvelda nemendum námsefnið og fá þau til að skilja þessar flóknu en skemmtilegu sögur nógu vel til að áhuginn kvikni.

2 Íslendingasögur

Íslendingasögur kallast þær sögur sem Íslendingar skrifuðu á 13. og 14. öld og fjalla um íslenska menn, konur og atburði sem gerðust hérlendis á söguöld, eða í kringum árin 930-1030 (Aðalheiður Guðmundsdóttir, 2007). Íslendingasögurnar fela allar í sér deilur, heiður, sæmd eða hefndir þar sem sérstök áhersla er lögð á fjölskyldutengsl. Margar Íslendingasögur fjalla einnig um rómantík sem aðalsöguhetjurnar upplifa á þeirra mislöngu ævi. Þó svo að sögurnar séu miklar hetjusögur þá eru þetta einnig ástarsögur og ástarþríhyrningar mjög algengir í sögunum. Það ríkir mikil óvissa um uppruna Íslendingasagnanna enda hafa margar þeirra glatast í gegnum tíðina og finnast jafnvel aldrei aftur úr þessu (Hermann Pálsson, 1969, bls.42). Það er þó margt sem við vitum um þær út frá heimildum sem safnað hefur verið í aldanna rás. Þær voru t.d. flestar skrifaðar á árunum 1150-1350 og er seinni hluti 13.aldar talinn hálfgerð blómaskeið í skrifum þessara sagna.

Sögurnar fjalla flestar um íslenskt fólk sem var uppi á tíundu öld og eitthvað inn í þá elleftu þegar margir eru að nema land á Íslandi. Margar sögur hefjast erlendis og við fáum að lesa um það þegar fólk settist að hér á landi og kynnast síðan afkomendum þessara merku landnámsmanna sem flestir ferðast eitthvað erlendis og lenda í ýmsum misskemmtilegum ævintýrum (Hermann Pálsson, 1969, bls.47). Það er margt í þessum sögum sem gefur sterklega til kynna að þær séu sannar, t.d. samskipti Íslendinga við þekktu konunga sem við vitum vel að voru uppi á þessum tíma og það eru til minjar og heimildir fyrir því að margar þessara persóna hafi verið til. Það er hins vegar líklegt að ósannar munnmælasögur hafi haft einhver áhrif á skrif þessara sagna. Það er margt í þessum sögum mjög ýkt og margar þeirra fylgja svipuðu mynstri, sérstaklega yngri sögurnar þar sem höfundar hafa hugsanlega nýtt sér formúlur eldri bóka (Aðalheiður Guðmundsdóttir, 2007). Margar Íslendingasögur taka mið af öðrum bókmenntaflokkum t.d. riddarasögum og öðrum höfðingjasögum sem gefur til kynna að þær séu hugsanlega ekki alveg sannar (Hermann Pálsson, 1969, bls.47).

Þegar Íslendingasögurnar eru skrifaðar, fyrir u.þ.b. 650-750 árum, voru þær skrifaðar út frá gömlum heimildum og sögum sem fólk hélt að væru sannar. Þetta voru sögur um atburði sem

höfðu gerst við landnám Íslands og voru þar af leiðandi ekki skáldskapur, heldur sögur byggðar á sönnum atburðum og manneskjum (O'Connor, 2005, bls. 167). Íslendingasögurnar eru mikilvægur þáttur í íslenskri menningu og sögu en það sama má líka segja um svipaðar sögur frá öðrum löndum. Það eru einnig til bókmenntir frá Ítalíu, Spáni og fleiri löndum sem segja merkar sögur af þjóðarhetjum og ástarlífi þeirra en hvergi hefur verið lögð svona mikil áhersla á að sögurnar séu sannar eins og á Íslandi. Það sem mikilvægt er að athuga er að burtséð frá því hvort sögurnar séu sannar eða ekki þá eru þær skrifaðar löngu eftir að þær eiga að gerast, þegar samfélagið hefur tekið miklum breytingum. Margt var frekar svipað, Ísland var ennþá landbúnaðarsamfélag, vinnufólk sá um bústörfin og húsfreyjan geymdi lyklana en stærsti munurinn er auðvitað trúin (Hermann Pálsson, 1969, bls. 47). Ísland var alheiðið land þegar Íslendingasögurnar eiga gerast þó svo að kristnitakan komi fyrir í mörgum þeirra. Höfundar sagnanna, hverjir svo sem þeir eru, láta sína skoðun á heiðni í skýrt ljós við ritun þessara sagna. Það sést t.d. í þriðja kafla *Gunnlaugs sögu ormstungu* (Eiríkur Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Steingrímur Bragason, 1986, bls. 22) þegar höfundur nefnir útburð barna sem dæmi um illmennsku heiðinna manna, eitthvað sem heiðinn maður myndi aldrei segja um sína trú. Höfundur nefnir líka að það besta sem kom fyrir landið var að Ísland tók kristna trú, eitthvað sem kristinn maður myndi eflaust hugsa en alls ekki heiðinn maður (Eiríkur Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Steingrímur Bragason, 1986, bls. 32).

Eflaust er best að hugsa um sögurnar sem sagnarit en athuga það að sagnaritarar hafa ákveðið frelsi og eflaust hafa höfundar sagnanna eitthvað aðlagað sögurnar eftir eigin höfði. Íslendingasögurnar gerast allar á söguöld þegar Íslendingar voru ekki farnir að rita niður sögur heldur gengu þær einungis munnlega á milli manna (Brynhildur Þórarinsdóttir, e.d.). Því er mjög líklegt að sögurnar hafi eitthvað breyst á þessum 200-300 árum áður en þær voru ritaðar. Enginn núlifandi maður getur sagt til um það fyrir vissu hvort Íslendingasögurnar séu sannar eða ekki, eða allavega hvað í þeim er satt. Hver maður verður að ákveða fyrir sig hvað hann telur vera satt en líklegt er að sannleikurinn komi aldrei í ljós.

2.1 Kennsla Íslendingasagna

Bókmenntir gegna gríðarlega stóru hlutverki í íslenskukennslu í grunnskólum landsins. Bókmenntir hafa að einhverju leyti verið kenndar í öllum skólum frá upphafi skólakerfis síðan Forn-Grikkir byrjuðu með skólastarf fyrir mörgum öldum (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls.

84). Nemendur eiga möguleika á því að kynnast menningararfi Íslands vel í gegnum fjölbreyttar íslenskar bókmenntir og ávallt hefur verið lögð áhersla á boðskap bókmenntakennslu síðan fyrsta Aðalnámskrá grunnskóla kom út árið 1976. Bókmenntir geta aðstoðað nemendur við ýmislegt t.d. að finna sér fyrirmyndir, hjálpa þeim að öðlast sterkari sjálfsmynd og öðlast umburðarlyndi í garð annarra einstaklinga og ólíkra menningarsamfélaga. Þrátt fyrir þessa kláusu í Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls.99) eru hæfniviðmið sem tengjast bókmenntum mjög opin og þar er ekki skilgreint hvaða bókmenntir nemendur þurfa að lesa til að öðlast þá hæfni. Þó er m.a. lögð áhersla á að geta lesið og lagt mat á fjölbreyttar íslenskar bókmenntir og því eru Íslendingasögurnar ennþá kenndar í flestum grunnskólum landsins. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er það samt ekki skylda, það er val kennara hvaða bókmenntir þeir kenna til að vinna í þeim hæfniviðmiðum sem tengjast bókmenntum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 102).

Kennarar og stjórnendur eru þó margir sammála því að menningarlegt gildi bókmennta er mjög mikið og því mikilvægt að vera vel að sér í íslenski bókmenntasögu (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 118). Bókmenntir miðla menningararfinum og eru því hluti af íslenski menningu og þjóðerni og þar gegna Íslendingasögurnar gríðarlega stóru hlutverki. Íslendingasögurnar hafa því verið kenndar bæði í grunn- og framhaldsskólum í gegnum tíðina til að styðja við menningararf Íslands og Íslendinga. Þrátt fyrir að það sé ekki tekið fram í Aðalnámskrá hvaða Íslendingasögur eigi að kenna í grunnskóla þá eru þessar sögur mjög algengar (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 107):

- *Gísla saga Súrssonar*
- *Kjalnesinga saga*
- *Gunnlaugs saga ormstungu*
- *Laxdæla saga*

Þessi listi er að sjálfsögðu ekki tæmandi og auðvitað eru til dæmi um það að þessar sögur séu ekki kenndar og einnig hafa verið kenndar skáldaðar Íslendingasögur eins og t.d. *Snorra saga* eftir Þórarinn Eldjárn og *Korku saga* eftir Vilborgu Davíðsdóttur í stað heðfbundinna Íslendingasagna. Þar fyrir utan eru aðrar Íslendingasögur einnig kenndar í framhaldsskólum

Íslenskukennslu er skipt í fjóra þætti í Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls.97) . Þeir eru talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þrátt fyrir að Íslendingasögurnar tilheyri helst lestri og bókmenntum þá er vel hægt að tengja kennslu Íslendingasagnanna við

alla þessa fjóra þætti t.d. með umræðum, fjölbreyttum málfræðiverkefnum, ritunarverkefni, leiknum myndböndum og með því að gleyma ekki sögunum eftir að þær eru lesnar og tengja þær af og til við námið. Það er mikilvægt að taka þær ekki úr hillum í mánuð og setja þær síðan aftur inn í skáp þar sem þær gleymast. Íslendingasögurnar geta verið virkilega hentugar í allri kennslu yfir allt skólaárið. Þær má nota á fjölbreyttan og stórfenglegan máta t.d. með tengingum við samtímann, samþættingu við aðrar námsgreinar, áhugaverðar umræður og svo mikið fleira (Hjalti Halldórsson, 2021, bls.11).

Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls. 98) segir til um það að kenna eigi fjölbreyttar bókmenntir í grunnskólum landsins og tengir þar bókmenntir við lestur og læsi almennt. Bókmenntir hjálpa nemendum að þróa með sér gagnrýna hugsun, skilning, túlkun og betri lestrarfærni. Burtséð frá öllum þessum hlutum þá hjálpa fjölbreyttar bókmenntir nemendum einnig að þróa með sér þekkingu á ákveðnum tímabilum og veruleika fólks á mismunandi tímum (Gísli Pálsson, 1997, bls. 41). Það má í raun segja að höfundar Íslendingasagnanna séu að vissu leyti heimildarmenn sem gefa gefa okkur upplýsingar um líf fólks frá þessum tíma og gefur okkur þann möguleika að setja okkur í spor þeirra og finna fyrir samkennd, vorkunn, gleði eða reiði með persónum sagnanna sem er eitt það mikilvægasta í allri bókmenntakennslu.

2.2 Gildi Íslendingasagna í nútímanum

Aðalnámskrá grunnskóla og skólakerfið í heild sinni býður upp á nógu mikið rými til að kenna Íslendingasögurnar en margir spyrja sig eflaust hvers vegna við kennum þessar sögur ennþá. Eru þær kannski orðnar úreltar? Hugmyndir óþekktra manna um lífið á landnámsöld sem eiga sér jafnvel enga stoð í raunveruleikanum. Eitruð karlmennska, kvenfyrirlitning, nauðganir og svokallaðar hetjur sem myrða, blóta og hefna sín eins og enginn sé morgundagurinn. Það er vel hægt staldra við þessar sögur og velta því fyrir sér hvort við eigum ennþá að kenna þær. Það má samt ekki gleymast að það er hægt að nota þessar sögur til að ræða frekar um þessa hluti, ræða um menningarmun á þessum tímum og hvað samfélagið okkar hefur breyst í aldanna rás. Íslendingasögurnar kenna okkur svo mikið meira en gömul orðtök og það hvernig lífið var á þessum tíma. Það er um að gera að taka Íslendingasögurnar vel og reglulega fyrir og notast við umræður um menningu, siðferði og önnur álitamál nútímans.

Það er t.d. hægt að nota Íslendingasögurnar til að kenna nemendum mannkosti, dygðir og siðferði. Sögurnar bjóða upp á mikilvægar umræður um siðferði og hvort siðferðislega rangir

hlutir í dag hafi kannski verið siðferðislega réttir á tímum Íslendingasagnanna (Róbert Jack, 2018a, bls. 1). Margir fræðimenn, þá sérstaklega heimspekingar, vilja meina að farsæld sé markmið mannlífsins og að dygð sé skilyrði farsældar (Róbert Jack, 2018a, bls. 2). Því hafa margir spurt sig hvort það ætti ekki að kenna dygðir og siðferði í grunnskólum og það má m.a. kenna það út frá Íslendingasögum. Það ætti ekki að vera erfitt fyrir kennara að finna aðstæður í Íslendingasögum þar sem hægt er að kenna og ræða um dygðir (Róbert Jack, 2018a, bls.5). Dæmi um þannig aðstæður í *Gunnlaugs sögu ormstungu* er t.d. þegar Illugi neitar Gunnlaugi að fara erlendis og Gunnlaugur svarar með því að stelast í skúr föður síns, færa þar vaðmál og fleiri muni út á hlað til að nota sem fararefni og endar síðan á því að fara að heiman til Þorsteins Egilssonar þegar faðir hans lætur ekki undan (Eiríkur Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Steingrímur Bragason, 1986, bls. 27)

Það eru mörg önnur svona dæmi í Íslendingasögunum þar sem kennari getur rætt við nemendur um hegðun persóna og fleira áhugavert. Síðan má einnig ræða samfélagsbreytinguna sem hefur átt sér stað á rúmum 1000 árum. Margt þótti kannski eðlilegt árið 1000 sem telst mjög óeðlilegt og siðferðislega rangt í dag. Íslendingasögurnar gætu fengið nemendur og fleiri til að hugsa sig aðeins um og reyna að skilja persónur og aðstæður áður en einhver siðferðisleg ákvörðun er tekin (Róbert Jack, 2018a, bls. 10). Það er því klárlega hægt að nýta þessar sögur til að kenna siðferði og dygðir sem hjálpar nemendum m.a. að öðlast umburðarlyndi í garð annarra sem er eitt af markmiðum bókmenntakennslu samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls. 99)

Fyrir utan mikilvægi sagnanna þegar kemur að menningararfi Íslendinga, umburðarlyndi, heimildum um líf á öðrum tímum er einnig annað sem gefur okkur góða ástæðu til að kenna þessar sögur, eitthvað sem mun hugsanlega kveikja áhuga nemenda á sögunum. Sögurnar koma nefnilega fyrir í afþreyingariðnaði nútímans eins og t.d. bókum J.R.R. Tolkien, *Marvel Cinematic Universe* og *Marvel* teiknimyndasögum, *Game of Thrones* og svo mörgu fleiru. Höfundar víða um heim sækja efni og innblástur í þessar sögur og munu eflaust halda áfram að gera það. Þetta eru bækur, myndir og þættir sem ungmenni landsins hafa oft og tíðum mikinn áhuga á og því er gott fyrir þau að hafa nú þegar kynnst efninu í skólanum, við lestur Íslendingasagna (Hjalti Halldórsson, 2021, bls. 10).

Íslendingasögur má kenna á ýmsa vegu og það er hægt að nýta þær á alls konar hátt t.d. til að mynda umræður um mikilvæg málefni og til að tengja þær við nútímamann. Það er samt sem

áður kennarans að vega og meta hvernig best er að koma boðskap sagnanna áleiðis til nemenda með því að viðhalda áhuga þeirra á efninu ásamt því að stuðla að frekari skilning og vilja nemenda til að læra um Ísland og íbúa landsins á landnámsöld og þær breytingar sem hafa átt sér stað í íslensku sem og erlendu samfélagi í gegnum tíðina.

3 Áhugi á Íslendingasögum

Þegar fjallað er um Íslendingasögurnar í kennslu er ekki hjá því komist að ræða um þann áhuga sem bæði nemendur og kennarar hafa á sögunum, sem er eflaust mismikill. Höfundur hefur sjálfur reynslu af kennslu Íslendingasagna og oftast en ekki eru nemendur ekki spenntir fyrir því að lesa sögurnar, þá sérstaklega til að byrja með. Mögulega er það aldur sagnanna, flókna ritmálið, orðskýringar og útlit bókanna sem gerir það að verkum að nemendur eru ekki spenntir ásamt hefðbundnum og þurrum kennsluaðferðum kennara. Þegar liðið er á söguna þá er oft og tíðum eins og áhuginn kvikni, allavega hjá sumum nemendum. Það verður að viðurkennast að sögurnar eru áhugaverðar og flestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi í sögunum t.d. rómantík, blóðhefndir, morð, drauma og margt fleira.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls. 42) er komið inn á mikilvægi þess að skólastarfið taki tillit til áhuga nemenda og að nemendur fái tækifæri til að nýta sitt áhugasvið í náminu. Skipulagning alls skólastarfs þarf að taka mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhuga allra nemenda. Nemendur eiga einfaldlega auðveldara með að læra hlutina ef áhuginn er til staðar og námshæfnin eflist sem gerir það að verkum að sjálfstraustið verður meira og því hefur mikill áhugi nemenda á náminu nær einungis jákvæð áhrif í för með sér (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 26). Kennarar þurfa þá fyrst og fremst að sjá til þess að kenna efnið með því að ýta undir áhuga nemenda t.d. með fjölbreyttum kennsluaðferðum og með því að kynnast vel hverjum nemendahópi og kenna út frá þeirra áhugasviði eftir bestu getu.

3.1 Áhugi nemenda

Íslendingasögurnar eru allar skrifaðar með gömlu ritmáli, máli sem við notumst ekki við í dag og eigum oft erfitt með að skilja. Skólaútgáfurnar, sem eru flestar stytta útgáfur af frumritum sagnanna, eru einnig á þessu flókna ritmáli þó það sé eitthvað einfaldað. Dæmi um það er t.d. nýjasta skólaútgáfan af *Laxdælu sögu* sem Gunnar Karlsson (1995) endurskrifaði og er hún í dag skrifuð á hefðbundnu íslensku ritmáli. Tungumálið getur vafist fyrir nemendum og í rannsókninni *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* tala nemendur um að þeim finnst erfitt að lesa Íslendingasögurnar og að kennarinn þurfi oftast en ekki að þýða sögurnar til að nemendur

skilji það sem er að gerast (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 107). Samkvæmt sömu rannsókn virðist samt ekki vera mikið um áhugaleysi hjá nemendum. Um leið og nemendur fá aðstoð við að skilja sögurnar þá virðist áhuginn vera til staðar og nefna nemendur m.a. að persónurnar séu skemmtilegar. Þó virðist sem sumir nemendur sjái engan sérstakan tilgang við að lesa þessar sögur þó þeim finnist það ekki leiðinlegt (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 108).

Þrátt fyrir að nemendur sýni sögunum einhvern áhuga þá getur það verið mikil áskorun fyrir kennara að fá nemendur til að lesa sögurnar, skilja þær vel og njóta lestursins. PISA niðurstöður síðustu ára um lestraráhuga segja til um að það eru ekki einungis Íslendingasögurnar sem unglíngum finnst leiðinlegt að lesa, þeir hafa einfaldlega lítinn áhuga á lestri (Menntamálastofnun, 2019, bls. 34-35). Þess má geta að árið 1993 sögðust um 20% nemenda í 10. bekk aldrei lesa Íslendingasögur sér til ánægju en 12 árum seinna, árið 2005, sögðust um 92% nemenda aldrei lesa Íslendingasögurnar sér til ánægju (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2016, bls. 69). Það er vel hægt að ímynda sér að í dag séu enn fleiri nemendur sem myndu aldrei lesa þessar sögur í frítíma sínum og því hefur eitthvað gerst í samfélaginu síðustu áratugi sem gerir það að verkum að börn og ungmenni hafa minni áhuga á því að lesa og þá sérstaklega Íslendingasögurnar.

Það er samt nokkuð ljóst að nemendur hafa einhvern áhuga á Íslendingasögunum en kannski ekki lestrinum sjálfum. Þeim finnst sögurnar skemmtilegar og áhugaverðar en þeim finnst einnig mikilvægt að kennarar sjái um að þýða sögurnar fyrir þá. Það væri fróðlegt að vita hvort að áhuginn væri minni ef nemendur þyrftu sjálfir að lesa sögurnar og öðlast góðan skilning á þeim án aðstoðar kennara. Þrátt fyrir þennan áhuga virðist ekki mikið um það að nemendur séu að lesa sögurnar eftir skóla, í sínum eigin frítíma, en það væri forvitnilegt að vita hversu margir nemendur lesa Íslendingasögur sér til ánægju í dag. Það er mikilvægt að kennarar haldi áfram að stuðla að og viðhalda áhuga nemenda á sögunum.

3.2 Áhugi kennara

Það er ekki við öðru að búast en að kennarar hafi mikinn áhuga á Íslendingasögum miðað við að þær séu ennþá kenndar í flestum grunnskólum þrátt fyrir að það sé ekki skylda samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (Hjalte Halldórsson, 2021, bls. 10). Höfundur hefur mikla reynslu af íslenskukennslu og er fullviss um að allir íslenskukennarar í kringum hann hafa gífurlegan áhuga

á Íslendingasögunum og vonandi er staðan sú sama í fleiri grunnskólum landsins. Það er mjög mikilvægt að kennarar kenni námsefni sem þeir hafa einhvern áhuga á og því má vonast til þess að þeir kennarar sem kenna Íslendingasögurnar hafi áhuga á þeim og hafi vilja til að kenna sögurnar eftir bestu getu og miðla áhuganum áfram til nemenda.

Margir kennarar eru sammála um það að Íslendingasögurnar séu lykilatriði í allri bókmenntakennslu og sumum finnst hreinlega sorglegt að ekki hafi verið gerðar kvikmyndir eða sjónvarpsþáttaraðir út frá þessum bókum, enda eru þær svo stór hluti af okkar menningararfi og ungmenni tengja fremur við kvikmyndir heldur en nokkurn tímann bækur (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 110). Margir kennarar hafa horft með nemendum sínum á kvikmyndina *Útlaginn* sem fjallar um Gísla Súrsson og fengið nemendur til að vinna verkefni sem tengist myndinni og bókinni um Gísla, *Gísla saga Súrssonar*. Sumir kennarar vilja helst ekki eyða of miklum tíma í þessar sögur vitandi það að nemendur hafa lítinn áhuga eða skilja ekki sögurnar en aðrir kennarar geta hreinlega ekki beðið eftir því að fá loksins að kenna einhverja Íslendingasögu og þar virðist *Gísla saga Súrssonar* vera efst á blaði (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 110).

Áhugi kennara á sögunum virðist vera mjög mikill og hafa sumir kennarar verið duglegir að deila áhuga sínum með öðrum kennurum og jafnvel öllum landsmönnum. Ingvi Hrannar Ómarsson (2020) hefur verið virkur í að deila hugmyndum af verkefnum út frá Íslendingasögunum á heimasíðu sinni en hann er mjög duglegur að nýta sér fjölbreyttar kennsluaðferðir og þá sérstaklega í tengslum við tæknina. Þá hafa kennararnir Hjalti Halldórsson og Oddur Ingi Guðmundsson (2020-enn í gangi) haldið úti hlaðvarpsþættinum *Ormstungur* síðastliðin tvö ár þar sem þeir taka helstu Íslendingasögurnar fyrir og taka einnig viðtöl við landsmenn sem hafa gert garðinn frægan þegar kemur að þessum merku sögum. Tilgangur hlaðvarpsins er að styðja við lestur og ýta undir áhuga á Íslendingasögunum og það er vel hægt að nota þetta hlaðvarp til að afla sér upplýsinga um sögurnar fyrir kennslu eða jafnvel nota sjálft hlaðvarpið við kennslu á sögunum.

Það er því mikið af efni sem kennarar geta nýtt sér til að kenna þessar áhugaverðu sögur en auðvitað er mikilvægt að kennarinn hafi sjálfur áhuga á efninu ef hann ætlar sér að miðla þessum áhuga áfram til nemenda. Það er ekki hægt að ætlast til þess að nemendur sýni einhverju efni áhuga ef kennarinn gerir það ekki sjálfur. Það eru til margar Íslendingasögur sem hægt er að kenna, það er til mikið af stuðnings- og kennsluefni sem hjálpar bæði kennurum og

nemendum og því er mikilvægt að hver kennari velji sögu við hæfi og sjái til þess að nemendur hafi að einhverju leyti gaman að því að lesa og læra um þessar sögur og persónurnar sem þar koma fram. Þá er mikilvægt að notast við það kennslufni sem til er og stuðla að vönduðum og fjölbreyttum kennsluaðferðum.

4 Kennsluaðferðir

Tilgangur þessa lokaverkefnis er fyrst og fremst að fræðast um áhuga og skilning nemenda á Íslendingasögunum ásamt því að fara yfir allt það fjölbreytta efni sem kennarar geta nýtt sér við kennslu þessara sagna. Í þessum hluta ritgerðarinnar verður fjallað um ýmsar fjölbreyttar kennsluaðferðir, námsmat og annað sem kennarar geta kynnt sér og notað við kennslu Íslendingasagna og í allri annarri kennslu. Námsvefurinn *Ormstunga* tekur mið af nokkrum þessara aðferða og er einnig hægt að nota hann til leiðsagnar.

Það er skylda fyrir öll 6-16 ára börn að ganga í grunnskóla á Íslandi samkvæmt lögum um grunnskóla (nr. 91/2008). Þar kemur einnig fram að allir nemendur eigi rétt á því að stunda sitt nám án aðgreiningar og það er sérstakur kafli um skóla án aðgreiningar í Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls. 43). Í þeim kafla kemur fram að allir nemendur hafi rétt á jöfnu tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings og þá þarf auðvitað að taka inn í myndina að allir nemendur eru einstakir og þurfa mismunandi aðferðir til að ná árangri í námi. Þess vegna eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og fjölbreytt námsmat mikilvægt svo að hægt sé að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp grunnskólanna.

4.1 Framkoma kennara

Það er mjög mikilvægt að allir kennarar þekki helstu kennsluaðferðir en geri sér einnig grein fyrir því að engin ein kennsluaðferð er betri en önnur (Ingvar Sigurgeirsson, 2009, bls.10). Nemendur þurfa fjölbreytni í kennslustundum og sumar aðferðir henta sumum nemendum einfaldlega betur en aðrar. Það sem skiptir líka máli í allri kennslu er fas, framkoma og verklag kennara. Þessir þrír þættir geta haft gífurleg áhrif á velgengi, áhuga og sjálfsmynd nemenda í skólanum sama hvaða kennsluaðferð er notuð.

Það er vonandi persónuleg reynsla margra að hafa átt góða kennara sem hvöttu mann áfram í náminu og létu manni líða vel í kennslustundum. Kennarar hafa nefnilega mikil áhrif á nemendur enda hitta kennarar nemendur sína 180 daga á ári og eru oft með þeim í marga klukkutíma á dag. Það skiptir því máli hvernig kennarar koma fram við nemendahópinn sinn.

Það að koma fram af virðingu og gæta að góðum samskiptum getur gert mikið fyrir nemendur. Meginhlutverk kennara er stuðla að góðum starfsanda og vinnufrið ásamt því að vekja og viðhalda áhuga nemenda á námi með kennslufræðilegu starfi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 44). Kennarar geta smitað áhuga, gleði og samviskusemi út frá sér svo eitthvað sé nefnt og stuðlað þannig að jákvæðari skólabrag. Það að hlusta á hvað nemendur sínir hafa að segja, beita líkamanum sínum rétt og tjá sig kurteislega getur haft mjög góð áhrif á nemendur (Ingvar Sigurgeirsson, 2009, bls. 18).

4.2 Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Það eru til fjölmargar kennsluaðferðir sem hægt er að notast við og margir sérfræðingar hafa skipt kennsluaðferðum í ýmsa flokka í gegnum tíðina til að auðvelda kennurum val á hentugum kennsluaðferðum. Ingvar Sigurgeirsson (2009, bls. 43) er einn þessara sérfræðinga og hann skiptir kennsluaðferðum í níu flokka. Þess má geta að þessi listi er ekki tæmandi og margar aðrar hentugar kennsluaðferðir eru einnig til. Flokkarnir hans Ingvars bjóða einnig upp á fjölmargar útfærslur og eru svohljóðandi:

1. Útlistunarkennsla
2. Þulunám og þjálfunaræfingar
3. Verklegar æfingar
4. Umræðu- og spurnaraðferðir
5. Innlifunaraðferðir og tjáning
6. Þrautalausnir
7. Leitaraðferðir
8. Hópvinnubrögð
9. Sjálfstæð, skapandi viðfangsefni

Útlistunarkennsla eru þessar hefðbundnu kennsluaðferðir þar sem kennarinn miðlar upplýsingum áfram til nemenda t.d. með fyrirlestur, sýnikennslu og skoðunarferðum. Hlutverk nemenda er einfaldlega að fylgjast með og reyna að muna efnið (Ingvar Sigurgeirsson, 2009, bls. 52). Þessi aðferð er mjög algeng hjá kennurum og þá líka við kennslu Íslendingasagna. Það sem ber að varast þegar þessi aðferð er notuð er að margir nemendur eru gjarnan óvirkir, ná oft illa að halda athygli og skilja ekki endilega allt það sem kennarinn er að segja. Það er nokkuð óhætt að segja að þetta sé ekki besta aðferðin við að kenna Íslendingasögur þó það sé vel hægt að nota hana að einhverju leyti en þó alls ekki einungis.

Pulunám og þjálfunaræfingar innihalda æfingar sem kanna þekkingu nemenda. Endurteknaræfingar, spurningaleikir og námsleikir falla undir þennan flokk ásamt almennum verkefnaheftum út frá kennslubókum (Ingvar Sigurgeirsson, 2009, bls. 70). Þessar aðferðir eru líka algengar og þær má klárlega nota við kennslu Íslendingasagna, t.d. með spurningaheftum og leikjum sem tengjast sögunni en það er mikilvægt að stuðla að einhverri fjölbreytni og því skal varast að festast alfarið í þessum æfingum og einnig má taka það inn í myndina að hægt er að notast við fjölbreytni við notkun þessara kennsluaðferða t.d. með hópleikjum, námsspilum og fleiru sniðugu.

Verklegar æfingar sjást aðallega í list- og verkgreinum þar sem nemendur þjálfa ákveðin vinnubrögð við framkvæmd verklegra verkefna (Ingvar Sigurgeirsson, 2009, bls. 86). Verklegar æfingar bjóða upp á samþættingu við aðrar námsgreinar og því er góð hugmynd að nýta þessa kennsluaðferð líka í öðrum námsgreinum. Það er mikilvægt að notast við einhvers konar verklegar æfingar við kennslu Íslendingasagna til að ýta undir áhuga og skilning á sögunum og það má þess vegna gera í samþættingu við list- og verkgreinar. Það er t.d. hægt að gera með því að láta nemendur búa til skúlptúr, myndband, hlaðvarp, tónlist, taka viðtöl við kennara eða fræðing svo eitthvað sé nefnt.

Umræðu- og spurnaraðferðir er þegar kennarinn myndar umræður við nemendur og reynir að fá þá til að rökræða og skiptast á skoðunum. Hlutverk kennarans er að skapa andrúmsloft þar sem nemandinn þorir að tjá sig og hlutverk nemenda er að taka virkan þátt í umræðunni (Ingvar Sigurgeirsson, 2009, bls. 92). Þessa kennsluaðferð er mikilvægt að nota markvisst við kennslu Íslendingasagna. Það er mikilvægt að spyrja nemendur út í efnið og ræða um innihald kaflans í lok hvers kafla. Þannig geta nemendur t.d. lært hver af öðrum og þá er auðveldara fyrir þau að skilja söguna, setja sig í spor persóna og tengja söguna við nútímann. Þessa aðferð má vinna á mjög fjölbreyttan hátt t.d. í para- og hópavinnu eða í málstofu.

Innlifunaraðferðir og tjáning er þegar nemandi þarf að setja sig í spor annarra og virkja sköpunarkraft sinn. Aðferðir undir þessum flokk eru t.d. frásagnir, hlutverkaleikir og hugarflug (Ingvar Sigurgeirsson, 2009, bls. 98). Þarna er t.d. hægt að fá nemendur til að semja tónlistarstef fyrir ákveðin atburð í sögunni, teikna mynd af húskynnum, leika ákveðið atriði úr sögunni fyrir samnemendur o.s.frv.

Þrautalausnir þjálfa rökhugsun og innsæi. Hægt er að notast við ýmsar þrautir og spurningar sem fá nemendur til að leysa ákveðin vandamál (Ingvar Sigurgeirsson, 2009, bls. 109). Þessi aðferð er mikið notuð þegar *Laxdæla saga* er kennd í tengslum við siðferði (Róbert Jack, 2018b) en það er líka hægt að fá nemendur til að teikna upp siglingarleið landnámsmanna og svara ýmsum rökhugsunarspurningum um efni sagnanna og tímabilið sem þær gerast á.

Leitaraðferðir er þegar nemendur þurfa sjálfir að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim (Ingvar Sigurgeirsson, 2009, bls. 124). Þessa aðferð má t.d. nota við ritgerðarvinnu þar sem nemendur þurfa að safna sér upplýsinga um eitthvað ákveðið viðfangsefni sem tengist Íslendingasögunni.

Hópvinnubrögð er þegar nemendur leysa verkefni saman og þessi aðferð getur tengst öðrum kennsluaðferðum (Ingvar Sigurgeirsson, 2009, bls. 136). Hér er engin ákveðin kennsluaðferð eða verkefni sem hægt er að fara í en það er hægt að nýta ýmsar aðferðir hér að ofan í para- eða hópavinnu og þá getur hver hópur unnið eitthvað út frá sínu áhugasviði.

Sjálfstæð, skapandi viðfangsefni reynir á einstaklingsvinnu nemenda. Dæmi um verkefni eru t.d. hönnunarverkefni, nýsköpunarverkefni, hönnun fyrirtækis og þjónusturekstur. (Ingvar Sigurgeirsson, 2009, bls. 150). Þessa aðferð er mikilvægt að nota við kennslu Íslendingasagna og það er jafnvel hægt að fá hugmyndir frá nemendum um hvað hægt sé að gera enda á þessi kennsluaðferð að reyna á sjálfstæð vinnubrögð.

Þessi listi er eins og áður hefur komið fram alls ekki tæmandi og hægt er að nýtast við ýmsar aðrar fjölbreyttar kennsluaðferðir til að ýta undir áhuga, skilning og þekkingu nemenda á Íslendingasögunum. Þar má m.a. nefna kennsluaðferðir sem notast við leiklist í kennslu eins og t.d. *Sérfræðingskápan* þar sem námið fer fram í ákveðnum ímyndunarleik. Þar setja nemendur sig í hlutverk sérfræðinga en kennarinn er einungis verkstjóri. Leikurinn ýtir því undir nemendamiðaða kennsluhætti en það er mikið um það í dag að kennsluhættirnir séu alfarið kennaramiðaðir (Hákon Sæberg Björnsson og Ása Guðný Ragnarsdóttir, 2018, bls. 2-3). Þessi aðferð hefur reynst nemendum og kennurum vel, það er oft erfitt að byrja enda geta leiklistarleikir verið óþægilegir og krefjast þess að nemendur taki nokkur skref út fyrir þægindarammann en að lokum verða þeir skemmtilegir og gera það að verkum að nemendur skilja námsefnið mun betur (Hákon Sæberg Björnsson og Ása Guðný Ragnarsdóttir, 2018, bls. 13).

Það eru margar fjölbreyttar kennsluaðferðir sem kennarar geta nýtt sér við kennslu Íslendingasagna og það er mikilvægt að prufa sig áfram, athuga hvað virkar og hvað hentar hverjum hópi fyrir sig. Þá er einnig hægt að nýttast við lausnir og hugmyndir annarra kennara eins og t.d. efnið hans Ingva Hrannars Ómarssonar (2020) en hann er með sérkafla um kennslu Íslendingasagna á sinni vefsíðu þar sem hann nýtir tæknina og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Þá er einnig hægt að nýttast við hlaðvarpið *Ormstungur* sem Hjalti Halldórsson og Oddur Ingi Guðmundsson (2020-enn í gangi) stýra og taka þar fyrir ýmsar Íslendingasögur m.a. *Gunnlaugs sögu ormstungu*. Síðan eru mörg fræðslumyndbönd víða á veraldarvefnum t.d. á YouTube og heimasíðu RÚV. Á heimasíðu RÚV (2021) er meira að segja hægt að horfa á leikritið *Ormstunga* sem Benedikt Erlingsson setti upp ásamt Halldóru Geirharðsdóttur þar sem þau leika söguna um Gunnlaug og það er klárlega hægt að horfa á þá uppsetningu með nemendum. Möguleikarnir eru nánast endalausir til að gera kennslu Íslendingasagnanna áhugaverða, fjölbreytta og árangursríka en stundum þarf að virkja ímyndunaraflið og leita leiða til að gera kennsluna gagnlegri.

Notkun tækninnar

Með tilkomu tækninnar hefur margt breyst í skólalífinu. Nú eru margir nemendur komnir með spjaldtölvur eða fartölvur sem þeir notast við í skólanum og flestir kennarar líka, sérstaklega á unglingsstigi og í framhaldsskólum. Tæknin er eitthvað sem ungmenni virðast skilja, tengja við og hafa almennt mikinn áhuga á og því er mikilvægt að nota tæknina í kennslu. Það eru meira að segja til dæmi um það að tæknibúnaður í skólum hafi jákvæð áhrif á agamál og ástundun nemenda í skólum (Walker, Rosenblatt og McMahon, 2018, bls. 5). Það er vel hægt að nota tæknina í bókmenntakennslu til að ýta undir fjölbreytni í kennslustundum. Það eru margar kennsluaðferðir sem hægt er að nýta sér út frá tækninni. Hér verður farið yfir nokkrar tæknilegar kennsluaðferðir sem hægt er að nota í tengslum við kennslu Íslendingasagna.

Ljósmyndir er hægt að nota á fjölbreyttan hátt (Walker o.fl., 2018, bls. 42). Það er t.d. hægt að láta nemendur búa til sinn eigin Instagram-reikning sem ákveðin persóna úr Íslendingasögum og taka þar myndir af sér sem persónan. Það er einnig hægt að finna myndir af stöðunum sem sögurnar gerast á og bera saman tíðarandann í nútímanum og á landnámsöld.

Myndbönd eru mjög sniðug í kennslu þar sem nemendur kunna flestir að taka upp myndbönd og það er hægt að samþætta myndbandagerð við mjög margar námsgreinar (Walker

o.fl., 2018, bls. 55). Það er hægt að búa til samantekt úr hverjum kafla, stiklu fyrir bíómynd, endursögn á sögunni sem kvikmynd o.s.frv.

Fleiri hugmyndir eru m.a. notkun QR-kóða, Google Earth, tölvuleikjagerð, Nearpod, Kahoot, Quizlet og síðan er Google umhverfið með óteljandi möguleika t.d. GoogleSites þar sem hægt er að búa til sína eigin vefsíðu. Möguleikarnir eru nánast endalausir og veraldarvefurinn er stúttfullur af hugmyndum sem hægt er að nýta sér í kennslu. Þá hefur Menntamálastofnun einnig gefið út kennsluleiðbeiningar út frá ýmsum Íslendingasögum líkt og verið er að gera í þessu lokaverkefni með *Gunnlaugs sögu ormstungu*. Þær leiðbeiningar innihalda verkefni, ítarefni og margt fleira sem nýtist bæði kennurum og nemendum við kennslu Íslendingasagna.

4.3 Fjölbreytt námsmat

Það er ekki nóg að stuðla að fjölbreyttum kennsluaðferðum heldur er líka mikilvægt að notast við fjölbreyttar námsmatsaðferðir sem meta námið sem fer fram hjá nemendum. Þá er sérstaklega mikilvægt að notast við greinargóða endurgjöf því tilgangur námsmats er fyrst og fremst að leiðbeina nemendum um námið og aðstoða þá við að ná markmiðum þess (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 54). Það er hægt að fara ýmsar leiðir að því að ná hæfni- og matsviðmiðum sem Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls. 55) setur og því verða námsmatsaðferðir að vera fjölbreyttar svo þær komi til móts við fjölbreyttan hóp nemenda.

Dæmi um formlegt námsmat eru skrifleg, verkleg og munnleg próf en hægt er að fara fjölbreyttar leiðir t.d. með verkmöppum, ferilmöppum og gátlistum svo eitthvað sé nefnt (Ingvar Sigurgeirsson, 2002, bls. 86-87). Það skiptir líka máli hvernig verkefni eru metin. Algengast er að kennarar meti verkefni upp á eigin spýtur en svo er líka hægt að notast við sjálfsmat og jafningjamat. Sjálfsmat er þegar nemendur meta sína eigin vinnu t.d. með gátlista eða í viðtali. Sjálfsmat fær nemendur til að skilja betur hvers ætlast er af þeim og taka ábyrgð á eigin námi (Ingvar Sigurgeirsson, 2002, bls. 91). Sjálfsmat getur líka veitt kennurum ýmsar upplýsingar sem venjulegt kennaramat hefði ekki gert. Jafningjamat er síðan þegar hópar meta hvorn annan. Það eru til ýmsar námsmatsaðferðir og hægt er að meta verkefni á mjög fjölbreyttan hátt og því er um að gera að nýta sér þann möguleika.

5 Gunnlaugs saga ormstungu

Gunnlaugs saga ormstungu er ein fjölmargra Íslendingasagna. Sagan gerist í byrjun 11.aldar og er þar m.a. sagt frá kristnitöku Íslendinga sem er ein helsta vísbendingin um ytri tíma sögunnar. Eitthvað er um tímatalsskekkjur í sögunni þar sem sagan er varðveitt í nokkrum handritum (Eiríkur Guðmundsson o.fl., 1986, bls. 9). Höfundur sögunnar er óþekktur en talið er að hann hafi fengið heimildir úr munnmælum og öðrum rituðum heimildum m.a. *Egils sögu*. Höfundur hefur greinilega þekkt mikið til konunga- og riddarasagna en *Gunnlaugs saga ormstungu* verður fyrir einhverjum áhrifum þeirra sagna (Eiríkur Guðmundsson o.fl., 1986, bls. 13). Óvíst er hvenær sagan er skrifuð en það hefur eflaust verið einhvern tímann á 13.öld.

Sagan fjallar um Gunnlaug Illugason og líf hans. Gunnlaugur var frekar ákveðinn, sterkur, harður og mikið skáld, enda fékk hann snemma viðurnefnið ormstunga líkt og langafi sinn. Gunnlaugur verður snemma ástfanginn af Helgu hinni fögru, dóttur Þorsteins Egilssonar Skalla-Grímssonar og biður hennar. Gunnlaugur vill einnig fara erlendis og gera þar garðinn frægan sem hann endar á því að gera með því skilyrði að hann komi aftur innan þriggja ára til að giftast Helgu Þorsteinsdóttur. Hann lendir í deilum við Hrafn Önundarson sem fellur einnig fyrir Helgu (Eiríkur Guðmundsson o.fl., 1986). Það gerist margt í þessari sögu og það má í raun telja hana sem fyrstu íslensku unglungaástarsöguna. Það er einnig mikið um vísur og kvæði í þessari sögu, enda voru Gunnlaugur og Hrafn báðir mikil skáld. Sagan gerist víða um Norður-Evrópu þó svo að Ísland sé að sjálfsögðu í aðalhlutverki.

Gunnlaugs saga ormstunga hentar mjög vel í kennslu út af ýmsum aðstæðum. Þegar við kynnumst Gunnlaugi fyrst þá er hann frekur krakki og því er hægt að fá nemendur til að tengja við þessa persónu og mynda umræður um það hvers vegna Gunnlaugur lætur eins og hann lætur. Gunnlaugur verður ástfanginn í sögunni en hann vill líka frægð og frama. Það er vandamál sem sumir þurfa að kljást við, hvort eigum við að velja ástina okkar eða drauminn okkar (Eiríkur Guðmundsson o.fl., 1986). Það er því ekki nóg með það að bókin kenni nemendum fornar bókmenntir þá býður hún einnig upp á siðferðislegar umræður eins og margar aðrar Íslendingasögur. Það sem gerir þessa sögu sérstaka er að Gunnlaugur er ungur að árum sem

nemendur geta mögulega tengt við og það er auðvelt að tengja hana nútímanum. Það má t.d. líkja skáldskap Gunnlaugs við ungan fótboltastrák sem vill verða heimsfræg fótboltastjarna.

Bókin kemur inn á mörg áhugasvið þar sem hún fjallar um ást, skáldskap, hefndir, hólmgöngur, konunga, landafræði og svo margt fleira og því gætu flestir fundið eitthvað við hæfi við lestur þessarar bókar. Bókin er líka frekar stutt og kaflarnir sjálfir ekki langir og því ætti það að vera nokkuð auðvelt að halda þræðinum út söguna og nýta sér annað aukaefni á meðan lestrinum stendur. Þá er einnig hægt að tengja *Gunnlaugs sögu ormstungu* við ýmsar aðrar Íslendingasögur eins og t.d. *Egils sögu* og *Laxdælu* en stórar persónur úr þeim sögum koma einnig fyrir í *Gunnlaugs sögu ormstungu* (Eiríkur Guðmundsson o.fl., 1986).

5.1 Námsefni

Ritgerðinni fylgir kennsluvefur út frá bókinni *Gunnlaugs saga ormstungu*. Kennsluvefurinn inniheldur spurningahefti, hugmyndir að lokaverkefnum, ítarefni og fleira efni sem kennarar og nemendur geta notast við. Stærsti hluti vefsins eru kennslumyndbönd þar sem hver kafli sögunnar er tekinn fyrir. Kennarar taka sjálfir ákvörðun um það hversu mikið þeir vilja nota af vefnum en hann er í stöðugu þróunarferli. Kennsluefnið tekur mið af hæfniviðmiðum í íslensku sem nemendur eiga að standast við lok 7. bekkjar. Þrátt fyrir að íslenskan sé einungis tekin fyrir á vefnum þá er vel hægt að samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar og bæta þá við hæfniviðmiðum úr öðrum fögum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Sú útgáfa af *Gunnlaugs sögu ormstungu* sem vefurinn tekur mið af er sérstök skólaútgáfa frá árinu 1986 sem Eiríkur Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Steingrímur Bragason bjuggu til prentunar. Iðnú sá um útgáfu. Sú útgáfa af bókinni er ekki til á veraldarvefnum en hún er til á flestum skólabókasöfnum. Það má hins vegar finna aðra svipaða útgáfu af bókinni á Skólavefnum þar sem einnig má finna spurningahefti og umræðupunkta úr sögunni (Skólavefurinn, e.d.). Það er ekkert efni að finna á vef Menntamálastofnunar sem tengist *Gunnlaugs sögu ormstungu* en einn daginn gæti sagan verið endurskrifuð og þá má eflaust búast við einhverjum kennsluleiðbeiningum og rafbókum frá Menntamálastofnun líkt og hefur verið gert t.d. út frá *Laxdælu sögu* og *Gísla sögu Súrssonar* (Róbert Jack, 2018b).

Verkefni

Á kennsluvefnum má finna verkefnaflipa undir hverjum einasta kafla. Þar eru nokkrar spurningar út frá efni hvers kafla ásamt öðrum fjölbreyttum verkefnum sem nemendur geta

unnið við lok lesturs hvers kafla. Það er hægt að prenta spurningarnar og verkefnið út fyrir nemendur og endurskoða að vild. Höfundur hefur sjálfur notað spurningarnar í kennslu og það tókst vel til. Verkefnið eru nokkuð fjölbreytt, sumar spurningar eru hefðbundnar spurningar sem einungis reyna á þekkingu nemenda en aðrar fá nemendur til að reyna á rökhugsun og sköpun. Það er mikilvægt að vanda val spurninga og passa upp á að þær uppfylli kennslufræðilegar kröfur svo að nemendur reyni aðeins á sig við lausn þeirra og læri af þeim (Ingvar Sigurgeirsson, 2002, bls. 58).

Verkefnamappa

Lokaverkefnið sem fylgja kennsluvefnum eru fimm talsins: ritgerð, myndband, hlaðvarp, glærुकyning og veggspjald auk þess sem vefurinn hvetur nemendur og kennara til að koma með sínar eigin hugmyndir að lokaafurð og nefndar eru ýmsar hugmyndir t.d. teiknimyndasögur og pubquiz. Vefurinn inniheldur verkefnalýsingar auk hæfniviðmiða sem hægt er að meta út frá þessum verkefnum. Ekkert kemur fram um endurgjöf á þessum verkefnum á vefnum en það er hægt að notast við ýmsar leiðir t.d. kennaramat, jafningjamat og sjálfsmat.

Kennslumyndbönd

Kennslumyndböndin eru stærsti hluti kennsluvefsins en þegar þessari ritgerð er skilað má þar finna handrit úr formála og fyrstu fimm köflunum og myndbönd úr formála og fyrsta kafla. Fullklárað handrit og ítarleg kennslumyndbönd eru væntanleg úr öllum köflum. Kennslumyndböndin eiga að gera söguna skýrari og skiljanlegri fyrir nemendur en helsta markmið þeirra er þó að vekja áhuga nemenda á sögunni. Myndbönd henta yfirhöfuð mjög vel til að vekja áhuga nemenda á námsefni (Ingvar Sigurgeirsson, 2002, bls. 52). Þegar myndböndin eru notuð í kennslu skiptir miklu máli að þau falli vel að námsefninu sem verið er að kenna og kennarinn þarf að hafa kynnt sér myndefnið til að geta síðan talað um það. Kennslumyndböndin sem fylgja kennsluvefnum eru fræðslumyndbönd sem eiga að henta nemendum á miðstigi og jafnvel unglingastigi nokkuð vel og gera það að verkum að þau öðlist góðan skilning á *Gunnlaugs sögu ormstungu*.

Sögumaður og kennari eru aðalhlutverk myndbandanna en þar má einnig sjá persónur úr *Gunnlaugs sögu ormstungu*. Sögumaðurinn les beint upp úr bókinni, skólaútgáfunni, og kennarinn útskýrir síðan atburðarás sögunnar. Síðan förum við með þessum sögufrægu persónum í gegnum söguna með hjálp teikniforrítsins *Animaker* sem gerir það vonandi að

verkum að sagan festist betur í minni nemenda og þeir skilji söguna enn betur. Það er þó mikilvægt að kennarar standi fyrir umræðum eftir hvert einasta myndband til að ganga úr skugga um það að allir nemendur skilji það sem er að gerast í sögunni.

6 Lokaorð

Í þessari ritgerð hef ég farið yfir hvers vegna við kennum Íslendingasögur og skoðað ýmsar kennsluaðferðir sem hægt er að nota við kennsluna og jafnframt fræðst um áhuga nemenda sem og kennara á Íslendingasögum. Ég hélt persónulega að flestir nemendur hefðu lítinn sem engan áhuga á sögunum en rannsóknir sýna að áhuginn virðist vera til staðar en áhugi á lestri almennt er ekki mikill sem hefur eflaust áhrif á lestur Íslendingasagna. Svo virðist sem það skipti nemendum miklu máli að kennarinn útskýri söguna fyrir nemendum á meðan lestrinum stendur svo að þeir skilji söguna. Þá er mikilvægt að nota fjölbreyttar aðferðir við að útskýra söguna fyrir nemendum t.d. með myndböndum, hlaðvörpum, leikjum og fjölbreyttum verkefnum. Áhugi kennara virðist nokkuð stöðugur sem er mjög jákvætt, enda mikilvægt að kennarar sýni að þeir hafi áhuga á efninu sem þeir eru að kenna. Það er einhvern veginn ekki hægt að ætlast til þess að nemendur sýni efninu áhuga ef kennarinn gerir það ekki sjálfur. Áhuginn getur auðveldlega smitast yfir til nemendanna.

Það eru til fjölmargar fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir sem kennarar geta nýtt sér í allri kennslu og þá einnig við kennslu Íslendingasagna en einungis var farið yfir nokkrar þeirra í þessari ritgerð. Það var lögð mikil áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og má í raun segja að markmið þessarar ritgerðar sé að aðstoða kennara við að þróa nýjar og skemmtilegar kennsluaðferðir við kennslu þessara sagna og alla aðra kennslu sem á fyrst og fremst að fá nemendur til að öðlast áhuga á sögunum. Ég upplifði sjálf nokkuð hefðbundna kennslu þegar ég var að lesa Íslendingasögurnar í grunnskóla og mér fannst þær ekki skemmtilegar og ég vil ekki að aðrir nemendur upplifi það sama. Það er mikilvægt að muna að engin ein kennsluaðferð hentar öllum nemendum og þegar við vinnum í skóla án aðgreiningar þá verðum við að passa að koma til móts við þennan virkilega fjölbreytta nemendahóp sem við erum að kenna.

Ritgerðinni fylgja kennsluleiðbeiningar á vef þar sem kennslumynböndin gegna stóru hlutverki. Því miður gafst hvorki tími né fjármagn í að fullkomna þessi myndbönd og því eru einungis myndbönd við tvo hluta sögunnar. Myndböndin voru leikin af mér og unnusta mínum, Guðlaugi Ómari Guðmundssyni, ásamt því að forritið *Animaker* var notað til að búa til persónur og kynna söguþráðinn. Það væri algjör draumur að fá að þróa þessa vefsíðu og kennslumyndböndin áfram þar sem ég trúi því svo innilega að nemendur skilji meira þegar þau horfa á efnið á skjánum, það er klárlega næsta skref. Myndböndin yrðu þá mun ítarlegri þar sem

alvöru leikarar myndu stíga í hlutverk Þorsteins Egilssonar, Gunnlaugs og allra annarra persóna í sögunni og þau tekin upp í íslenskri náttúru við viðunandi aðstæður.

Hugmyndin að þessu lokaverkefni kom til mín þegar ég var að kenna 8.bekk lýðræðissögu Íslands og þau áttu erfitt með að muna nokkurn skapaðan hlut fyrir utan það að Sveinn Björnsson var fyrsti forseti Íslands. Þetta vissu þau af því að þessi staðreynd kom fyrir í myndinni *Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið*. Ég uppgötvaði þá að nemendum finnst skemmtilegt að horfa á kvikmyndir og sjónvarpsþætti og muna frekar það sem þar fer fram. Þá datt mér í hug að það yrði sniðugt að tengja saman áhuga nemenda á kvikmyndum og áhuga minn á Íslendingasögum þar sem ég hef ekki oft upplifað mikinn áhuga á þeim sögum hjá mínum nemendum, sérstaklega ekki til að byrja með. Ég vonast til þess að geta þróað þessa vefsíðu lengra í framtíðinni og taka myndböndin almennilega upp og sjá þau notuð í kennslu þar sem ég trúí því svo innilega að þau muni hjálpa nemendum að skilja efnið betur og vekja áhuga þeirra á sögunum. Ég vona að kennarar og nemendur eigi eftir að njóta góðs af kennsluleiðbeiningunum og kennsluefninu og gangi með mér í það verkefni að hjálpa nemendum að öðlast áhuga á þessum mikilvæga menningararfi okkar Íslendinga, Íslendingasögnum.

Heimildir

Aðalheiður Guðmundsdóttir. (2007, 22.janúar). *Hvað þarf að vera í sögu til þess að hún sé talin til Íslendingasagna*. Vísindavefurinn. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6476>

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.

Brynhildur Þórarinsdóttir. (e.d.). *Söguöld*. Íslendingasögur. <https://www.islendingasogur.is/timinn/soguold/>

Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson. (2018). Bókmenntir og bókmenntakensla. Í Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* (bls.83-134). Háskólaútgáfan.

Eiríkur Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Steingrímur Bragason. (1986). *Gunnlaugs saga ormstungu*. Eiríkur Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Steingrímur Bragason bjuggu til prentunar. Iðnú.

Gísli Pálsson. (1997). Fortíðin sem framandi land: Íslenskar fornþekkingar í ljósi mannfræðinnar. Í Gísli Pálsson, Haraldur Ólafsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (ritstjórar), *Við og hinir – Rannsóknir í mannfræði* (bls. 28-45). Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2006). Er „menningarlæsi“ ungs fólks að breytast? Athugun á lestri og tólmstundarvenjum nemenda í 10.bekk. *Tímarit um menntarannsóknir* 3, 60-81. <https://timarit.is/page/6484747#page/n1/mode/2up>

Gunnar Karlsson. 1995. *Laxdæla saga*. Gunnar Karlsson stytta og endursagði. Námsgagnastofnun.

Hákon Sæberg Björnsson og Ása Guðný Ragnarsdóttir. (2018). Sérfræðingskápan – Nám í hlutverki. Rannsókn á notkun kennsluáferða leiklistar í skólastarfi með ungum börnum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Sérrit 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. https://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/04.pdf

Hermann Pálsson. (1969). Um eðli Íslendingasagna. *Skírni* 143(1), 42-63. <https://timarit.is/page/6528574#page/n0/mode/2up>

- Hjalti Halldórsson. (2021). Íslenskan verður ekki kennd í tómarúmi. Um málfræðikennslu í skólaskrifinu. *Málfregnir* 19(1), 10-12. <https://islenskan.is/images/Malfregnir/malfregnir-2021-29-1-tbl.pdf>
- Hjalti Halldórsson og Oddur Ingi Guðmundsson (umsjónarmenn). (2020-enn í gangi). *Ormstungur* [hlaðvarp]. Ormstungur. <https://open.spotify.com/show/23ocxhdFq5esa14UQHJXut>
- Ingvar Sigurgeirsson. (2009). *Litróf kennsluaðferðanna*. Æskan.
- Ingvar Sigurgeirsson. (2002). *Að mörgu er að hyggja*. Æskan.
- Ingvi Hrannar Ómarsson. (2020, 2.október). *Íslendingasögur endursagðar á samfélagsmiðlum*. Ingvi Hrannar Ómarsson. <https://ingvihrannar.com/islendingasogur-endursagdar-a-samfelagsmidlum/>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Menntamálastofnun. (2019). *PISA 2018 – Helstu niðurstöður á Íslandi*. https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2018_helstu_island.pdf
- O'Connor, R. (2005). *History or fiction? Truth-claims and defensive narrators in Icelandic romance-sagas*. [Greingargerð]. University of Aberdeen. <https://www.abdn.ac.uk/staffpages/uploads/his221/history-or-fiction.pdf>
- Ríkisútvarpið. (2021, 24.janúar). *Ormstunga – Ástarsaga*. Sjónvarp. <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/ormstunga/30734/9538n2>
- Róbert Jack. (2018a). Dygðir, siðferði og siðferðisþroski: Að nota Íslendingasögurnar til mannkostamenntunar. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bokmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. https://netla.hi.is/serit/2018/bokmenntir_listir_menntun/09.pdf
- Róbert Jack. (2018b). *Laxdæla saga: Dygðakennsla*. <https://klb.mms.is/klb/laxdaela/siferi-og-dygir-laxdla-sogu-robot-jack/>
- Skólavefurinn. (e.d.). *Gunnlaugs saga ormstungu*. Skólavefurinn.is. <https://skolavefurinn.is/namsgreinar/islenska-islenska-1/gunnlaugs-saga-ormstungu>
- Walker, Z., Rosenblatt, K. og McMahon, D. (2018). *Síðasta skólatöskukynslóðin* (Elísabet Gunnarsdóttir þýddi). Iðnú.

